



Kveðja frá forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni

Við minnumst þess að 65 ár eru liðin frá siglingu fyrstu skipalestarinnar um norðurhöf í síðari heimsstyrjöldinni, afreks þegar sjómenn frá mörgum þjóðum komu vistum til bandamanna í Rússlandi, afreks sem unnið var í heimsstyrjöld, ógurlegum hildarleik.

Íslendingar telja mikilvægt að varðveita minningar um þessa atburði og tjá virðingu gagnvart þeim sem lögðu líf sitt í hættu svo að komandi kynslóðir gætu notið friðar og farsældar.

Við Íslendingar skiljum vel sögulegt mikilvægi hinna einstæðu skipalesta sem söfnuðust saman við eyjuna okkar í norðri, fluttu vistir og varning til Rússlands og skópu von á erfiðum tímum.

Ungir menn í blóma lífsins fórnðu lífinu í baráttunni um Norður-Atlantshafið. Þeir sem eftir lifa minnast félaga sinna.

Íslendingar hylla hetjur hafsins og fáni okkar er tákn vináttu og virðingar.